



Áveitan

10 tbl. 19. árgangur. Október 2025

Ritunarsamkeppni UMF. ÞJÓTANDA



Í tilefni af 10 ára afmæli Ungmennafélagsins Þjótanda er blásið til Ritunarsamkeppni fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri.

Einkunnarorð keppninnar eru:



SAMFÉLAG – ÞÁTTAKA – ÞJÓTANDI

Þátttakendur hafa frjálssar hendur. Það má skrifa smásögu, ljóð, frásögn, dagbókarfærslu eða í raun hvað sem ykkur dettur í hug. Svo er um að gera að myndskreyta að vild.

Hámarks lengd er ein A4 blaðsíða og skulu þátttakendur merkja verk sitt aftan á blaðsíðunni með nafni, heimilisfangi og símanúmeri. Hægt verður að skila inn verkum hjá ritara Flóaskóla en einnig er hægt að senda þau í tölvupósti á netfangið halla@floahreppur.is

Skilafrestur er til 16. nóvember, sem er bæði afmælisdagur UMF. Þjótanda og Dagur Íslenskrar tungu.

Ungmennafélagið Þjótandi veitir verðlaun fyrir þrjú bestu verkin og munu þau birtast í Áveitunni í desember.

Öll verk sem taka þátt verða til sýnis á Skótuveislum UMF Þjótanda í Þingborg á Þorláksmessu.

ÁFRAM ÞJÓTANDI



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill Sveitastjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur Áveitunnar



Undirbúningur fjárhagsáætlunar

Nú fer undirbúningur fjárhagsáætlunar 2026 og næstu þriggja ára þar á eftir að fara á fullt. Vinna við fjárhagsáætlun nær til byggðasamlaga og samstarfsverkefna ásamt því að taka til allra málaflokka og deilda innan Flóahrepps. Stórar fjárfestingar eru framundan hjá sveitarfélaginu sem gera þarf ráð fyrir í fjárfestingaáætlun næsta árs.

Á næstu vikum bindum við vonir við að verktaki verði kominn að borðinu til að hefja gatnagerð og fráveitu í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg. Þetta er stórt verkefni en við finnum fyrir miklum áhuga á svæðinu og vonumst við til að uppbygging gangi hratt. Lóðir í 1. áfanga verða auglýstar lausar til úthlutunar skv. nýjum úthlutunarreglum sem nú er unnið að.

Verið er að undirbúa viðbyggingu við Flóaskóla og mun M2 teiknistofa vinna það verkefni áfram með okkur. Reiknað er með að aðaluppdrættir verði tilbúnir fyrir næstu áramót og helstu séruppdrættir verði unnir frá janúar-maí 2026. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist vorið 2026. Verið er að horfa á í kringum 500 fermetra viðbyggingu á tveimur hæðum sem bætist við norðan við núverandi byggingu.

Sveitarfélagið mun halda áfram að fjárfesta í innviðum og er lögð áhersla á endurnýjun eldri lagna í vatnsveitunni ásamt því að halda áfram að koma upp vöktunar- og öryggiskerfi í vatnsveitunni sem og að vinna áfram að kortlagningu og innmælingu vatnsveitunnar.

Deiliskipulag fyrir nýtt athafnasvæði í Heiðargerði mun taka gildi á

komandi vikum og verður spennandi að sjá áhugann á frekari uppbyggingu þar. Lóðirnar verða auglýstar lausar til úthlutunar en undirbúa þarf götur og annað innan svæðisins. Til stendur að flytja hluta af uppgreftri úr íbúðarbyggð við Þingborg á þetta svæði í manir til að afmarka ákveðnar lóðir.

Ofangreindu til viðbótar höldum við áfram að viðhalda fasteignum og opnum svæðum sveitarfélagsins og bæta enn frekar aðstöðu við leik- og grunnskóla.

Íbúafundur vegna aðalskipulags 13. október

Mánudagskvöldið 13. október mun sveitarfélagið standa fyrir opnum íbúafundi vegna endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Fundurinn verður haldinn í **Flóaskóla** og hefst kl. 20:00. Á fundinum verða starfsmenn Landmótunar, skipulagsfulltrúi og sveitarstjórn Flóahrepps og gert er ráð fyrir virku samtali og vinnu íbúa á fundinum. Við hvetjum sem flesta íbúa til að mæta á íbúafundinn og taka þátt í því að móta aðalskipulag sveitarfélagsins til næstu ára.

Gjald vegna söfnunar á dýrahæjum

Líkt og sveitarstjórn ákvað við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025 verður áfram lagt á gjald á eigendur búfjár skv. samþykktu gjaldskrá. Reikningar munu berast á næstu vikum. Gjaldið á að standa undir úrgangsflokknum dýrahæ. Innheimta gjalda frá notendum er í takti við lög um meðhöndlun úrgangs þar sem sá greiðir sem notar. Gjaldið tekur mið af skráðum bústofni skv. haustskýrslum undan gengis árs og er um að ræða nokkra mismunandi gjaldflokka. Allir sem eru með skráðan bústofn greiða að lágmarki 5000 kr sem ekki verður fellt niður.

Allar athugasemdir vegna reikninga vegna gjalds fyrir dýrahæ skulu berast á sveitarstjórn sem tekur afstöðu til athugasemda.

Nánari upplýsingar má finna í gjaldskrá 2025: https://www.floahreppur.is/static/files/Gjaldskrar/2025/b_nr_1544_2024.pdf

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Dagana 2.-3. október sækir sveitarstjórn, ásamt starfsfólki skrifstofu,

fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík. *Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð þessa tvo daga.* Samhliða fjármálaráðstefnu eru haldnir aðalfundir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, Samtaka orkusveitarfélaga ásamt ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Flóahreppur á fulltrúa á öllum þessum fundum.

Framkvæmdir í Þingborg

Nú standa yfir miklar framkvæmdir í salnum í Þingborg en verið er að stækka gólfflöt í salnum með því að fjarlægja sviðið. Settur verður nýr dúkur á allt gólfíð og gerðar breytingar á hurðargötum í sal og fleira. Verkefnið gengur ágætlega en fengnir hafa verið verktakar í alla verkþætti. Búið er að saga steypu í kringum sviðsopið og verið að undirbúa að setja stálbita í loftið. Að því loknu þarf að saga og fjarlægja gólfíð í sviðinu og fjarlægja mól sem er þar undir. Steypa þarf svo gólfplötu þar sem sviðið er, flota og leggja nýjan dúk á allan salinn. Pálmi Þormóðsson sinnir byggingastjórn á þessu verki fyrir Flóahrepp.

Þessar breytingar munu gjörbreyta aðstöðu til íþróttaiðkunar. Salurinn er í mikilli nýtingu fyrir íþróttakennslu leik- og grunnskóla og fyrir íþróttæfingar Þjótanda og er leigður út eins og mögulegt er þess á milli. Sveitarfélagið stefnir að því að opna notkun einnig fyrir heilsuefingu eldri íbúa þegar aðstaðan verður orðin betri þannig að allir íbúar geti notið aðstöðunnar sem við eigum öll saman.

Á meðan ekki er hægt að nota salinn til íþróttaiðkunar og kennslu er notast við Félagslund.

Árþing SASS

Dagana 23.-24. október fer árþing Samband sunnlenskra sveitarfélaga fram á Kirkjubæjarklaustri. Fulltrúar Flóahrepps á þinginu verða Árni Eiríksson, Walter Fannar Kristjánsson og Hjalti Guðmundsson. Að auki situr sveitarstjóri árþingið. Á árþinginu eru einnig haldnir aðalfundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Matur fyrir eldri íbúa og opin hús

Við minnum á mat fyrir eldri borgara í Flóahreppi. Ýmist er hægt að

borða í mótuneyti Flóaskóla eða sækja mat þangað og fara með heim. Skráning og frekari upplýsingar eru hjá ritara Flóahrepps: 480-4370 eða anna@floahreppur.is

Minum einnig á opnu húsin sem haldin eru reglulega fyrir 60+ íbúa. Sjá nánar hér:

<https://www.facebook.com/groups/691773309699893/>

Jafnlaunavottun

Þann 8. október mun fara fram jafnlaunaúttekt hjá sveitarfélaginu. Sveitarstjóri og launafulltrúi sinna að mestu undirbúningi úttektarinnar með aðkomu skólastjóra leik- og grunnskóla eftir þörfum. Í jafnréttisáætlun og jafnlaunastefnu Flóahrepps má finna nánari upplýsingar um tilgang jafnlaunavottunar:

<https://www.floahreppur.is/static/files/Stefnur/jafnrettisaaetlun-og-jafnlaunastefna-floahrepps-okt-2023.pdf>

Næstu fundir sveitarstjórnar:

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps eru skv. samþykktum dagana 7. október og 21. október í Þingborg. Fundir eru sendir út í beinu streymi og má nálgast hlekk á streymi á heimasíðu Flóahrepps.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Ýmsar gagnlegar upplýsingar:

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardagsopnun verður eftirfarandi laugardaga fram að áramótum kl. 12:00-16:00:

4. október

8. nóvember

6. desember

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Grenndargámar fyrir málma og gler ásamt lokuðum ílátum fyrir textíl eru staðsettir við Félagslund og Þingborg. Einnig eru grenndargámar fyrir plast, pappa og almennt sorp við Þingborg, sérstaklega ætlaðir frístundahúsaeigendum í sveitarfélaginu.

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að

senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókari, launafulltrúi og fasteignagjöld: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu Flóahrepps: 862-6848 – sótt er um ný tengingar á heimasíðu Flóahrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Vegna seyrulosunar og hreinsunar: seyra@seyra.is eða sími 480-5550

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

Hvatastyrkur Flóahrepps

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um hvatastyrki fyrir börn og ungmenni 5 - 18 ára. Umsóknarfrestur fyrir haustönn er 1. nóvember. Styrkupp hæð er allt að 30 þúsund krónur fyrir haustönn.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur er að finna á www.floahreppur.is





Snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Flóahreppi 2025-2028

Tilkynning um verðkönnun

Flóahreppur gerir hér með verðkönnun fyrir verkið:

Snjómokstur á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum
Flóahreppi 2025-2028

Verðkönnunargögn er eftirfarandi:

- Hefti: Verðkönnunargögn, verklýsing og tilboðsskrá.
Hægt að nálgast útprentað á skrifstofu Flóahrepps eða óska eftir eintaki í tölvupósti á floahreppur@floahreppur.is frá og með 6. október 2025.

Um verðkönnuna gilda auk þess eftirtalin rit, sem verða hluti samnings:

- ÍST20:2012 almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.
- Reglur um vinnusvæði: [Gildandi útgáfa](#).
- ÍST30:2012 er hægt að kaupa hjá staðlaráði Íslands.

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar skulu berast til Flóahrepps, eigi síðar en 17. október 2025 á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi merktu „tilboð til Flóahrepps“ fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 21. október 2025 og sama dag á sama stað verða tilboðin/verðkönnun opnuð kl. 16:15 að viðstöddum þeim, sem þess óska.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að semja við einn eða fleiri aðila, taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Pingborg Flóahreppi, 29. september 2025
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Snjómokstur og háلكuvarnir á bílaplönum við stofnanir sveitarfélagsins 2025-2026

Flóahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Snjómokstur og háلكuvarnir á bílaplönum við stofnanir sveitarfélagsins 2025-2026

Í verkinu felst að verktaki sinnir mokstri og háلكuvörnum á bílaplönum við Pingborg, leikskólann Krakkaborg, við Þjórsárver, Flóaskóla og Félagslund ásamt öðrum tilfallandi verkefnum við snjómokstur og háلكuvarnir innan sveitarfélagsins.

Miða skal við að plan við leikskóla, skrifstofur, skóla og Þjórsárver sé mokað fyrir kl. 7:45 að morgni alla virkra daga þá daga sem mokað er og í samráði við sveitarstjóra ef viðburðir eru í húsunum aðra daga.

Fyrirspurnir og óskir um tilboðsform berist á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi merktu „Snjómokstur og háلكuvarnir í Flóahreppi 2025-2026“ fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 21. október 2025 og sama dag á sama stað verða tilboðin/verðkönnun opnuð kl. 16:30 að viðstöddum þeim, sem þess óska.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að semja við einn eða fleiri aðila, taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Pingborg Flóahreppi, 29. september 2025
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

ÍBÚAFUNDUR

FLÓASKÓLA

13. OKTÓBER

20:00



Aðalskipulag Flóahrepps 2025-2037



Takið þátt í að
móta áherslur
aðalskipulags
sveitarfélagsins til
næstu ára



FLÓAHREPPUR



AFMÆLI

Umf Þjótandi 10 ára

Ungmennafélagið Þjótandi fagnar 10 ára afmæli sínu nú í haust og ætlar af því tilefni að bjóða félagsfólki sínu í pizzu og skautaveislu í Egilshöll. Stefnt er að því að fara á afmælisdaginn sjálfan, sunnudaginn 16. nóvember nk.



Viðburðurinn verður nánar auglýstur í næstu Áveitu, en endilega takið daginn frá.



Áfram Þjótandi

Þorrablót í Þingborg 2026

Laugardaginn 7. febrúar

Takið daginn frá

NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR



Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarf í Flóaskóla hefur farið vel af stað. Veðrið hefur verið okkur hagstætt og hefur það sett sinn svip á skólastarfið í september.

Skólanum barst óvænt en kærkomin gjöf þegar Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps færði okkur 200 þúsund krónur til búnaðarkaupa. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þann hlýhug til skólans sem þessi gjöf lýsir og sendum okkar bestu kveðjur fyrir þessa veglegu gjöf. Fyrstu vikuna í september voru úti- og grenndar-námsdagar. Vikan endaði svo með Fjölskyldudegi og



Flóamóti. Hátt í 60 knapar komu ríðandi í skólann þann dag, nemendur alveg frá 1. bekkingum upp í 10. bekkinga, foreldrar, aðstandendur og starfsmenn.

Í anda hins góða samstarfs sem er á milli skólans og Ungmennafélagsins Þjótanda var ákveðið að halda Flóamótið þennan sama dag við góðar undirtektir.

Fjölskyldu-dagurinn heppnaðist einstaklega vel og þökkum við gestum okkar kærlega fyrir komuna.



Hið árlega Olympíuhlaup var svo haldið 19. september, hlaupnir voru í heildina 467,5 km. Þar af voru 27 hlauparar sem fóru 10 km.



Í október kemur Jón Pétur danskennari til okkar í skólann, tekur upp þráðinn frá fyrra ári og þjálfar fótafimi og samhæfingu nemenda í skemmtilegum danstímum. Þeirri

vinnu lýkur með danssýningu fyrir foreldra í lok mánaðar. Líkt og í fyrravetur ætlum við að skipta skólaárinu í sex hluta þar sem í hverjum þeirra er kennt eitt þemaverkefni tengt einum af grunnþáttum menntunar. Fyrsta verkefnið var tengt grunnþættinum *heilbrigði og velferð*. Nemendur skólans hafa undanfarið unnið viðamikl þemaverkefni tengt þessu sem nefnist *Hver er ég?* Hluti af þessu verkefni snýr að undirbúningi nemendastýrðra viðtala. Þar hafa nemendur skoðað styrkleika sína og veikleika, sett sér markmið, unnið með áhugamál sín og margt fleira tengt þeim sjálfum. Næstkomandi miðvikudag 8.10. verða svo viðtöl í skólanum, þar sem nemendur kynna verkefnið fyrir foreldrum sínum.

Næsta þema er tengt grunnþættinum *læsi*. Þar ætla nemendur elsta stigs vera með vísindavöku. Miðstigið vinnur að verkefni sem nefnist *Forvarnir, miðlalæsi og vísindalæsi* og yngsta stig vinnur með *Dýrapema – húsdýr, villt dýr, skordýr og forsöguleg dýr*. Nemendur gera síðan fræðibók í lok þema. Sannarlega metnaðarfull og spennandi verkefni framundan.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

**Kvenfélag Villingaholtshrepps
Heimboð til Hafsteinu**

**Hafsteina býður heim í garðskálann sinn að Rimum 9,
föstudagskvöldið 10. október nk. kl 20:00.**

Skemmtilegt spjall og léttar veitingar.

Munið að klæða ykkur vel,

það getur verið svalt í skálanum.

Allar velkomnar, hlökkum til að sjá ykkur

**Málþing um mögulega sameiningu
Búnaðafélaga á svæðinu**

Málþing fyrir félagsmenn í Búnaðarfélögum í Flóa, verður
haldið að Stóra-Ármóti, fimmtudaginn 16. október næst
komandi kl 20:00

Rætt verður um mögulega sameiningu félaganna, kosti
þess og galla.

Hvetjum alla til að mæta og skynsamlegt gæti verið að
sameinast í bíla.

Stjórnirnar

Kæru félagskonur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Árleg berjaferð okkar verður farin 10. - 12. október nk.
Farið verður í bústað frá VR. Bústaðurinn er staðsettur í
Hellishólum, Fljótshlíð. Svefnpláss í rúmum er fyrir 8 og
hægt að vera með dýnur.

Þær sem ætla að koma, pantið hjá Ásdísi í síma 698-1031
eða hjá Helgu í síma 846-9320 eða á
netfangið tryggur55@simnet.is í síðasta
lagi 7. október.

Kvenfélagið borgar gistinguna og
kannski eitthvað meira.

Skemmtinefndin,
Helga, Auður og Ásdís.



Starf 60 + í október

60+ ferð til Grindavíkur

Stefnt er á að fara í 60+ ferð til Grindavíkur laugardaginn 18. október nk. Lagt verður af stað kl.10 frá Þingborg.

Farið verður með staðkunnugri leiðsögukonu um Grindavík og nágrenni. Í hádeginu verður farið á Bryggjuna. Þar er boðið uppá þrjár gerðir af súpu, nýbakað brauð og kaffi fyrir 3000.- á mann. Áætlað er að koma tilbaka um kl.17.

Kvenfélögin og Flóahreppur greiða fyrir annan kostnað en mat og kaffi.

Skráning í ferðina er í síðasta lagi þann 15. október hjá Helenu (s.899-6685) eða Höllu (s.699-0717).

Ef það færi nú að gjósa óþarflega nærri Grindavík að þá erum við með plan B sem er rúntur um áhugaverða staði í Uppsveitunum.

Kaffihittingur, FebSel og fuglafóðrun

Næsti kaffihittingur er þann 15. október í Þjórsárveri kl.16-18 að vanda, húsið opnar kl.15:30.

Magnús hjá Félagi eldri borgara á Selfossi kemur um kl.16 og mun svara öllum spurningum sem þið hafið um eldri borgara starf, til dæmis varðandi skirteini og æfingatíma og fleira sem brennur á fólki.

Um kl.17 ætla Örn Óskarsson að koma og vera með fyrirlestur um fóðrun garðfugla.

Ef einhverjir undir 60 ára hafa áhuga á því að koma og hlusta á Örn þá eru áhugasamir velkomnir kl.17.

Svo auðvitað hvetjum við ykkur til að opna og prófa

www.chatgpt.com

sem Sirrý í Tjörnum var með svo skemmtilega kynningu á síðast.

Kveðja, Nefndin

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Haustfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 7. október n.k kl 19:30 í félagsherberginu (fundaherbergi sveitastjórnar) í Þingborg.

Dagskrá:

Hefðbundin fundarstörf, önnur mál og innganga nýrra félaga.

Félagskonur hvattar til að mæta og velkomið að taka með sér gesti, allir velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur

Kveðja, Stjórnin



**VIÐ BJÓÐUM UPP Á
LAUGARDAGSOPNUN
Á GÁMASVÆÐI
EFTIRFARANDI DAGA
FRAM AÐ
ÁRAMÓTUM**



4. október
8. nóvember
6. desember



KL. 12:00-16:00

**MIKILVÆGT AÐ MUNA EFTIR
KLIPPIKORTUNUM**

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Hrossaræktarferð

Hrossaræktarferð Hrossaræktarfélag Flóahrepps ætlar að fara í árlega haustferð laugardaginn 25. október næstkomandi. Farið verður á nokkur hrossabú, borðað saman og haft gaman. Farið verður af stað kl. 11:00 frá Þingborg. Reiknað er með komið verði til baka milli 20:00 og 21:00 á upphafsstað.

Áætlaður kostnaður er 5000 krónur á mann (fer eftir skráningu). Stjórn er að skoða það að borða saman í enda dags og greiðir hver fyrir sig.

Hægt er að skrá sig hjá :

Atla Geir í síma 898-2256

Ágústi Inga í síma 899-5494

hrff.stjorn@gmail.com.

Skráningu lýkur kl. 12:00 miðvikudaginn 22. októberber, eru félagsmenn þó hvattir til að skrá sig sem fyrst til að auðvelda skipulagningu.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com.
Erum líka á Fésbókinni

Dósasöfnun 10. bekkjar

Við í 10. bekk Flóaskóla erum að safna flöskum og dósum fyrir útskriftarferð okkar næsta vor.

Við verðum á ferðinni fyrri hluta októbermánaðar og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa.

Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn.

Nemendur í 10. bekk í Flóaskóla



Vetrarfagnaður Flóamanna

Skemmtikvöld í Félagslundi 25. október

Flóamenn halda upp á fyrsta vetrardag með glæsilegum **Vetrarfagnaði** sem fer fram í **Félagslundi** laugardagskvöldið **25. október**. Þetta verður kvöld fullt af gleði og spennandi vinningum.

Húsið opnar kl. 19:30 og dagskráin hefst **kl. 20:00**, undir styrkri stjórn **Hallgríms Ólafssonar (Halla Melló)** sem mun leiða gesti í gegnum kvöldið með sinni einstöku nærveru og húmor.

Á borðum verða **ostaveitingar frá MS** og sultur frá **GOOD GOOD**, sem ættu að kitla bragðlaukana hjá öllum. **Gos, bjór, rautt og hvítt verður selt á staðnum.**



Aðgöngumiðinn gildir einnig sem happdrættismiði með veglegum vinningum, svo það er mikill möguleiki á að fara heim með eitthvað skemmtilegt í farteskinu svo sem hótलगistingu, afþreyingu og matarkörfur.

Miðaverð er einungis 4.900 kr., og rennur allur ágóði kvöldsins óskiptur til útgáfu II. hluta **Flóamannabókar**, sem áætlað er að komi út árið **2026** og fjallar um Villingaholtshreppinn hin forna.

Taktu þátt í að styrkja sögu og menningu Flóamanna – og njóttu um leið dásamlegs kvölds í góðum félagsskap!

Meistaramót Þjótanda í skák

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í Flóaskóla sunnudaginn 19. október og hefst kl 13:30.

Keppt verður í opnum flokki og meistaraflokki. Keppendur ráða í hvorn flokkinn þeir skrá sig, en opni flokkurinn er hugsaður fyrir minna vana og meistaraflokkurinn fyrir reyndari keppendur. Þrír efstu í hvorum flokki fá verðlaunapeninga og sigurvegari í meistaraflokki hlýtur nafnbótina „Þjóttandameistari í skák 2025“.

Skráning fer fram á staðnum og er fólk beðið að mæta tímanlega. Þeir sem eiga skákklukkur eru beðnir að hafa þær með, en annars verður notast við skákklukkuapp í síma.

Mótsstjóri verður Ágúst Valgarð Ólafsson.

Heitt á könnunni og vonandi spennuþrungin stemmning á Meistaramóti Þjótanda í skák 2025

Sjáumst sem flest og á öllum aldri.



Hautfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Hautfundur félagsins verður haldinn í Þjórsárveri, miðvikudagskvöldið 15. október n.k kl 19:30.

Hefðbundin fundastörf.

Nýjar konur sérstaklega boðnar velkomnar til að kynna sér starfið.

Sjáumst sem flestar,
Stjórnin

Flóamót Umf Þjótanda - Úrslit

Flóamótið var haldið á fjölskyldudegi Flóaskóla,
föstudaginn 5. september sl. Þátttaka var góð og tókst
mótið í alla staði vel.

Flokkur 6 - 7 ára

60 m hlaup

1.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	11,5 sek
2.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobsson	11,9
3.	Inga Lilja Haraldsdóttir	12,0
4.	Grímur Jarl Jónsson	12,1
5.	Eysteinn Óli Rúnarsson	13,5
6.	Birnir Þór Hlíðdal	13,6
7.	Hermundur Karl Þorsteinsson	13,8
8.	Stefán Eðvald Guðmundsson	14,2
9.	Einar Bragi Ágústsson	14,2
10.	Albert Jóhannesson Kovarik	14,3

Langstökk

1.	Grímur Jarl Jónsson	2,90 m
2.	Inga Lilja Haraldsdóttir	2,55
3.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	2,50
4.	Hermundur Karl Þorsteinsson	2,35
5.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobsson	2,40
6.	Birnir Þór Hlíðdal	2,20
7.	Albert Jóhannesson Kovarik	2,10
8.	Eysteinn Óli Rúnarsson	1,45
9.	Einar Bragi Ágústsson	1,25

Kúluvarp

1.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobsson	5,20 m
2.	Grímur Jarl Jónsson	3,35
3.	Inga Lilja Haraldsdóttir	3,30
4.	Hermundur Karl Þorsteinsson	3,10
5.	Birnir Þór Hlíðdal	3,10
6.	Eysteinn Óli Rúnarsson	3,10
7.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	2,80
8.	Albert Jóhannesson Kovarik	2,40
9.	Einar Bragi Ágústsson	1,40

400 m hlaup

1.-2.	Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	1,46,5 mín
1.-2.	Grímur Jarl Jónsson	1,46,5
3.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobsson	1,49,9
4.	Birnir Þór Hlíðdal	1,53,6
5.	Eysteinn Óli Rúnarsson	2,04,5
6.	Einar Bragi Ágústsson	2,06,4
7.	Hermundur Karl Þorsteinsson	2,11,1
8.	Albert Jóhannesson Kovarik	2,27,8
9.	Inga Lilja Haraldsdóttir	2,30,0

Flokkur 8 - 9 ára

60 m. Hlaup

1.	Kristján Þórarinn Andrason	10,4 sek
2.	Haraldur Ólafarson	10,7
3.	Ernir Rafn Eggertsson	11,8
4.	Einar Waltersson	12,0
5.	Guttormur Ólafarson	12,9
6.	Dalía Lórey Ketel	13,1
7.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	13,4
8.	Ásgerður Bjarnadóttir	14,2
9.	Ragnar Páll Gíslason	16,0

Langstökk

1.	Kristján Þórarinn Andrason	3,44 m
2.	Ernir Rafn Eggertsson	2,70
3.	Haraldur Ólafarson	2,63
4.	Einar Waltersson	2,62
5.	Guttormur Ólafarson	2,50
6.	Ingólfur Andri Emilsson	2,40
7.	Dalía Lórey Ketel	2,17
8.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	1,94
9.	Ragnar Páll Gíslason	1,50
10.	Ásgerður Bjarnadóttir	1,43

Kúluvarp

1.	Kristján Þórarinn Andrason	6,92 m
2.	Ernir Rafn Eggertsson	5,53
3.	Haraldur Ólafarson	5,32

4.	Ingólfur Andri Emilsson	4,74 m
5.	Einar Waltersson	4,63
6.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	4,00
7.	Guttormur Ólafarson	3,95
8.	Dalía Lórey Ketel	2,67
9.	Ásgerður Bjarnadóttir	2,56

400 m hlaup

1.	Kristján Þórarinn Andrasen	1,31,0 mín
2.	Haraldur Ólafarson	1,33,0
3.	Guttormur Ólafarson	1,48,4
4.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	1,55,0
5.	Dalía Lórey Ketel	2,04,3
6.	Ásgerður Bjarnadóttir	2,04,9

Flokkur 10 - 12 ára

60 m hlaup

1.	Arnar Alex Reynisson	10,3 sek
2.	Valgerður Björk Hlíðdal	10,6
3.	Héðinn Fannar Höskuldsson	10,7
4.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	10,8
5.	Páll Axel Axelsson	10,9
6.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	11,0
7.-9.	Einar Hörður Haraldsson	11,2
7.-9.	Lilja Reynisdóttir	11,2
7.-9.	Marikó Árný Ketel	11,2
10.	Steinn Þorri Victorsson	11,3
11.	Ragnhildur Sara Andradóttir	11,4
12.	Kolbeinn Sturluson Schacht	11,9
13.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	12,4
14.	Sölvi Þór Magnússon	12,5
15.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	13,0

Langstökk

1.	Héðinn Fannar Höskuldsson	3,35 m
2.	Arnar Alex Reynisson	3,33
3.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	3,03
4.	Lilja Reynisdóttir	2,88
5.	Marikó Árný Ketel	2,87

6.	Steinn Þorri Victorsson	2,79 m
7.	Valgerður Björk Hlíðdal	2,78
8.	Sölvi Þór Magnússon	2,77
9.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	2,71
10.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2,63
11.	Kolbeinn Sturluson Schacht	2,62
12.	Páll Axel Axelsson	2,57
13.	Einar Hörður Haraldsson	2,40
14.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2,28
15.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	1,93
16.	Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	1,81
17.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	1,67

Kúluvarp

1.	Kristín María Sigurðardóttir	8,70 m
2.	Páll Axel Axelsson	8,55
3.	Sigurður Helgi Guðjónsson	8,35
4.	Arnar Alex Reynisson	7,96
5.	Kolbeinn Sturluson Schacht	7,19
6.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	7,10
7.	Héðinn Fannar Höskuldsson	6,69
8.	Sölvi Þór Magnússon	5,58
9.	Ragnhildur Sara Andradóttir	5,56
10.	Lilja Reynisdóttir	4,94
11.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	4,64

400 m hlaup

1.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	1,28,9 mín
2.	Arnar Alex Reynisson	1,30,2
3.	Héðinn Fannar Höskuldsson	1,32,0
4.	Marikó Árný Ketel	1,34,5
5.	Valgerður Björk Hlíðdal	1,36,2
6.	Lilja Reynisdóttir	1,39,1
7.	Einar Hörður Haraldsson	1,39,7
8.	Ísold Marselía Bergþórsdóttir	1,39,9
9.	Kolbeinn Sturluson Schacht	1,47,7
10.	Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,16,7

Flokkur 13 - 15 ára

60 m hlaup

1.	Jón Bragason	10,3 sek
2.	Bjarki Rafn Reynisson	11,1
3.	Kristófer Máni Andrason	11,1
4.	Gísli Svavar Sigurðsson	11,7
5.	Guðni Bóas Davíðsson	12,1
6.	Kristján Reynisson	12,8
7.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	13,2
8.	Lilja María Axelsdóttir	13,4
9.	Ottó Ingi Annýjarson	14,2
10.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	14,7
11.	Hróar Indriði Dagbjartsson	16,2

Langstökk

1.	Bjarki Rafn Reynisson	5,09 m
2.	Már Óskar Bjarnason	4,90
3.	Guðni Bóas Davíðsson	4,52
4.	Kristófer Máni Andrason	4,39
5.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	4,36
6.	Jón Bragason	3,95
7.	Kristján Reynisson	3,94
8.	Lilja María Axelsdóttir	3,76
9.	Axel Örn Aitken Sævarsson	3,41
10.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2,82
11.	Hróar Indriði Dagbjartsson	2,33

Kúluvarp

1.	Kári Einarsson	11,07 m
2.	Gísli Svavar Sigurðsson	10,70
3.	Styrkár Freyr Birgisson	10,13
4.	Albert Hellsten Högnason	9,85
5.	Garðar Þór Jónsson	9,61
6.	Ísak Nökkvi Bergþórsson	9,16
7.	Þorbjörg Sturluson Schacht	8,53
8.	Kristján Reynisson	8,10
9.	Egill Ingi Nielsen Jakobsson	8,08
10.	Óskar Hansson	7,24
11.	Lilja María Axelsdóttir	5,70

400 m hlaup

1.	Kristófer Máni Andrason	1,09,1 mín
2.	Axel Örn Aitken Sævarsson	1,13,6
3.	Guðni Bóas Davíðsson	1,14,6
4.	Bjarki Rafn Reynisson	1,18,0
5.	Ísak Nökkvi Bergþórsson	1,19,5
6.	Þorbjörg Sturluson Schacht	1,20,3
7.	Gísli Svavar Sigurðsson	1,20,8
8.	Kristán Reynisson	1,24,3
9.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	1,26,6
10.	Albert Hellsten Högnason	1,30,1
11.	Lilja María Axelsdóttir	1,32,4

Í lok móts var keppt í 60 m hlaupi fullorðinna þar sem keppni var jöfn og æsispennandi. Úrslit urðu þessi:

1.	Fanney Ólafsdóttir, Hurðarbaki	9,7 sek
2.	Bryndís Eva Óskarsdóttir, Dalbæ	9,8
3.	Magnús Baldursson, Dalbæ	9,8
4.	Elísabet Thorsteinson, Syðri-Gróf	10,2
5.	Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki	10,2
6.	Unnur Bjarkadóttir, Forsæti 3	10,4
7.	Höskuldur , Klængsseli	10,5
8.	Hulda Kristjánsdóttir, Forsæti 4	10,6
9.	Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, Hrygg	10,6
10.	Hafdís Gígja Björnsdóttir, Uppsölum	11,8
11.	Íris Grétarsdóttir, Selfossi	12,1
12.	Freyja Kristín Guðjónsdóttir, Þjórsárnesi	12,2
13.	Lucie Kovariková, Borgarhólum	12,2

Þjótandaæfingar

Við minnum á Þjótandaæfingar.

2.– 4. bekkur er á föstudögum frá kl 12:20-13:40.

5.-6. bekkur er á miðvikudögum frá kl 14:00-15:30.

7.–10. bekkur er á miðvikudögum frá kl 16:00 - 17:30

Allar æfingar verða í Félagslundi eitthvað fram eftir hausti.

Þjálfarar eru Örvar Rafn Hlíðdal orvar@floaskoli.is og

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir gbriets@gmail.com





Basar í Félagslundi

1. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Félagslundi, laugardaginn 1. nóvember 2025 kl. 13-16.

Öll innkoma rennur til Sigurhæða. Sigurhæðir eru þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Konur 18 ára og eldri fá samhæfða ráðgjöf, stuðning og meðferð á þeirra forsendum. Þá er lögregla til staðar innan Sigurhæða til að veita ráðgjöf og upplýsingar og sömuleiðis er lögfræðileg ráðgjöf í boði. Sérstök fræðsla um réttindi innflytjendakvenna er einnig fáanleg, einnig með túlkþjónustu. Öll þjónustan er endurgjaldslaus.

Veglegur kökubasar og fjölbreytt, vandað handverk verður til sölu.

Einnig verður hægt að kaupa kaffi, djús og vöffur.

Tekið verður við greiðslukortum.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps,
Kvenfélag Hraungerðishrepps og
Kvenfélag Villingaholtshrepps






AÐVENTUHAÐÍÐ FLOAHREPPS

4. DESEMBER 2025

Kæru sveitungar
Menningarnefnd í samstarfi við
Berglindi Björk Guðnadóttur
stendur fyrir fjölskyldu-
skemmtun og
aðventutónleikum.
Takið kvöldið frá.
Nánar auglýst síðar.



Þjóðbúningamessa

Þjóðbúningamessa verður í Villingaholtskirkju
sunnudaginn 12. október kl 14:00

Prestur sr Guðbjörg Arnardóttir. Organisti Pétur
Nói Stefánsson, kirkjukórinn syngur.

Messukaffi, Pálínuboð í Þjórsárveri að lokinni
messu.

Hvetjum alla til að mæta í þjóðbúningum síns
lands. Allir velkomnir.



Dagskrá mánaðarins:

Fundur Sveitarstjórnar	7. okt
Haustrfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	7. okt
Heimboð - Kvenfélag Villingaholtshrepps	10. okt
Berjaferð - Kvenfélag Hraungerðishrepps	10. - 12. okt
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	12. okt
Íbúafundur í Flóaskóla	13. okt
Haustrfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	15. okt
Málþing um Búnaðarfélög í Flóa	16. okt
60 + hittingur í Þjórsárveri	15. okt
60 + ferð til Grindavíkur	18. okt
Meistaramót Umf Þjótanda í skák	19. okt
Fundur Sveitarstjórnar	21. okt
Vetrarfagnaður Flóamanna	25. okt
Hrossaræktarferð	25. okt
Basar í Félagslundi	1. nóv
Hvatastyrkur - umsóknarfresti lýkur	1. nóv
Umf Þjótandi 10 ára	16. nóv
Þjótandaæfingar mið/eldri - 1. - 8. - 15. - 22, og 29. október	
Þjótandaæfingar yngri - 3. - 10. - 17. - 24. og 31. október	